

FUNDARGERÐ

27. Fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs.

Fundarstaður:	Ráðhús Árborgar
Fundartími:	Miðvikudagur 16. ágúst 2017 kl. 10.00
Mættir:	Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon. Auk þess sátu þær, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir og María Kristjánsdóttir fundinn.
Ritari fundarins:	Ásgeir Magnússon

Gerðir fundarins

1. Fundargerð 106. fundar Þjónusturáðs

Fundargerðin lögð fram til upplýsinga

2. Erindi vegna NPA samnings

Fram var lagt erindi þar sem óskað er eftir hækkun á framlagi vegna NPA samnings. Undir þessum lið mættu þær Margrét K. Erlingsdóttir og Harpa Dís Harðardóttir til fundarins og gerðu grein fyrir stöðu mála varðandi rekstur þessa NPA samnings. Á fundinum var samþykkt að taka erindið til skoðunar.

3. Erindi vegna grunnþjónustu og sérstakrar þjónustu

Fram var lagður úrskurður frá Úrskurðarnefnd verferðarmála í máli einstaklings þar Velferðarþjónusta Árnesþings (Bergrisanum bs.) er gert að taka ákveðna þætti í þjónustunni til endurskoðunar. Samþykkt að auka félagslega liðveislu í 28 tíma á viku.

4. Erindi frá Sólheimum umaukið framlag

Fram voru lögð tölvupóstsamskipti formanns og nýkjörins formanns Sólheima. Með vísan í fund stjórnar Bergrisans með félags- og jafnréttismálaráðherra er afgreiðslu þessa erindis frestað.

5. Erindi frá Skaftholti – forsvarsmenn koma á fundinn kl. 11 og ræða forsendur fyrir áframhaldandi rekstri Skaftholts

Undir þessum lið mættu til fundarins þeir Gunnþór Guðfinnsson og Guðjón ... forsvarsmenn Skaftholts og gerður grein fyrir erfiðri rekstrarstöðu Skaftholts. Í máli þeirra kom fram að heimilið hefur verið samningslaust frá desember 2016 og er rekið með yfirdrætti sem ekki gengur til lendar.

6. Önnur mál

a) Fundur með félags- og jafnréttismálaráðherra ummálefni sjálfstæðra þjónustuaðila.

Rætt um áherslur stjórnarinnar í viðræðum við ráðherra fá fundi sem verður fimmtudaginn 17. ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.50

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon